

Til kröfuhafa Sparisjóðs Mýrarsýslu:

Reykjavík, 7. júlí 2009

Varðar: Skipan bráðabirgðastjórnar í Sparisjóði Mýrarsýslu.

Ágæti kröfuhafi

Þann 27. apríl sl. veitt Héraðsdómur Vesturlands Sparisjóði Mýrarsýslu (SPM), kt. 610269-5409, heimild til greiðslustöðvunar. Var heimildin framlengd þann 22. maí til 30. júní sl. Aðstoðarmaður á greiðslustöðvunartíma var skipaður Sigurður R. Arnalds hrl. Á greiðslustöðvunartíma var unnið að undirbúningi nauðasamninga við kröfuhafa, sem ætlunin var að leita heimildar til. Þann 3. apríl sl. gerðu Nýja Kaupþing (NKB) og SPM með sér kaupsamning um nánar tilgreindar eignir og rekstur SPM og hafa útibú þeirra í Borgarnesi verið sameinuð. Byggir nauðasamningsfrumvarp það er unnið hefur verið að á greiðslum skv. kaupsamningi NKB og SPM, en einu eignir SPM nú eru réttindi skv. framangreindum kaupsamningi.

Vegna breytinga á lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. þurfti á greiðslustöðvunartíma að gera breytingar á kaupsamningnum og fyrirhuguðu nauðasamningsfrumvarpi. Var kröfuhöfum kynnt um miðjan júní sl. meðfylgjandi frumvarp til nauðasamninga að teknu tilliti til framangreindra breytinga. Gerir frumvarpið m.a. ráð fyrir greiðslum með hlutabréfum í NKB og skuldabréfum útgefnum af bankanum. Kom fram sú athugasemd hjá nokkrum af stærstu kröfuhöfum SPM, að erfitt væri að taka afstöðu til frumvarpsins meðan ekki lægi fyrir stofnefnahagsreikningur NKB. Taldi stjórn SPM skv. ákvörðun á fundi sínum þann 30. júní sl. að í ljósi atvika væri rétt að óska eftir því við Fjármálaeftirlitið að það skipaði sparisjóðnum bráðabirgðastjórn í samræmi við ákvæði 100. gr. a l. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, enda væri sú ráðstöfun jafnframt frekar til þess fallin að tryggja hlutlægni við fjárhagslegt uppgjör SPM.

Skipaði Fjármálaeftirlitið þann 2. júlí sl. Sigurð R. Arnalds hrl., Jón Hauk Hauksson hdl. og Margréti Gunnlaugsdóttur hdl. í bráðabirgðastjórn SPM. Var Sigurður skipaður formaður bráðabirgðastjórnar. Fer bráðabirgðastjórn með sömu heimildir að lögum og samþykktum sparisjóðsins sem stjórn og fundur stofnfjáreigenda SPM hefði ella haft á hendi. Skv. 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki skal bráðabirgðastjórn svo fljótt sem verða má gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fá yfirsýn yfir fjárhag sparisjóðsins. Á meðan hún ræður yfir sjóðnum gilda sömu takmarkanir á heimildum til að beita fullnustugerðum og öðrum þvingunarúrráðum gagnvart honum og ef sjóðurinn hefði fengið heimild til greiðslustöðvunar. Lýkur yfirráðum bráðabirgðastjórnar að þremur mánuðum liðnum frá skipun hennar, nema bráðabirgðastjórn hafi þegar lagt fyrir héraðsdóm kröfu um að sjóðurinn verði tekinn til slíta, honum veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamninga, eða ný stjórn kjörin til að leysa hana af hólmi, sbr. 1. – 3. tl. 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki.

Nýskipuð bráðabirgðastjórn SPM mun því nú kynna sér fjárhag sparisjóðsins og hvort áfram skuli stefnt að því að leita nauðasamninga við kröfuhafa sparisjóðsins. Vill bráðabirgðastjórn jafnframt vekja athygli á því að skv. ákvörðun Fjármálaeftirlit frá 15. júní sl. skal uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf. liggja fyrir eigi síðar en 17. júlí nk.

Virðingarfyllst,
f.h. Bráðabirgðastjórnar SPM

Sigurður R. Arnalds hrl., formaður